

ÁRSSKÝRSLA

SAMTÖK UM
KVENNAATHVARF

KÆRLEIKUR FAGMENNSKA SVEIGJANLEIKI



2024



Ársskýrsla Samtaka um Kvennaathvarf fyrir árið 2024
Ábyrgðaraðili: Linda Dröfn Gunnarsdóttir, framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf
Útgáfustaður: Reykjavík, apríl 2025
Prentað af: Háskólaprent. Umhverfissvottuð prentsmiðja.
Útgefandi: Samtök um kvennaathvarf
www.kvennaathvarf.is
© Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti.

EFNISYFIRLIT



Stefna
Kvennaathvarfsins
2023-2026

2

Árið 2024
í tölum

5

Konur og börn í
athvarfinu

11

Árið í
athvarfinu

17

Skýrsla
stjórnar

32


Lykiltölur úr
ársreikningi

37

Gjafir og styrkir
2024

39

STEFNA KVENNAATHVARFSINS 2023-2026



Samtök um kvennaathvarf eru frjáls félagasamtök sem rekin eru fyrir konur sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi og börn þeirra. Öll starfsemi athvarfsins miðar að velferð kvenna og barna þeirra.

Mynd 1. Stefnunni er skipt upp í þrjá megin þætti.

Hlutverk samtakanna samkvæmt lögum þeirra er:



ATHVARF

Að reka athvarf fyrir konur og börn þeirra sem beitt hafa verið andlegu, líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi í nánu sambandi.



RÁÐGJÖF


Að veita ráðgjöf og upplýsingar til þolenda ofbeldis og aðstandenda þeirra.



FRÆÐSLA

Að efla fræðslu og samfélagssumræðu um kynbundið ofbeldi.

FRAMTÍÐARSÝN



Framtíðarsýn samtakanna er að allar konur og börn þeirra sem hafa verið beitt ofbeldi í nánú sambandi fái stuðning, tímabundið skjól og kærleiksríkt heimili. Samtökin gegni jafnframt leiðandi hlutverki í fræðslu og samfélagsumræðu um kynbundið ofbeldi í nánú samböndum og alvarleika þess.


FAGLEG STARFSEMI OG ÞJÓNUSTA



Lögð er áhersla á að taka vel á móti öllum konum og aðstoða þær af fagmennsku og sveigjanleika. Tekið er á móti konum og börnum þeirra sem flýja þurfa heimili sín sökum ofbeldis. Athvarfið og neyðarsími þess er opið allan sólarhringinn, alla daga ársins. Auk þess er haldið úti viðtalsþjónustu fyrir konur sem orðið hafa fyrir ofbeldi í nánú samböndum en dvelja ekki í athvarfinu. Lögð er áhersla á að konur stýri sjálfar sinni vegferð með faglegum stuðningi og valdeflingu af hálfu ráðgjafa. Konur fá rými til þess að vinna úr reynslu sinni og upplifunum. Konur fá auk þess ráðgjöf og stuðning varðandi samskipti sín við stofnanir og opinbera aðila. Kvennaathvarfið leitast við að eiga góðar tengingar við sína samstarfsaðila, sem auðvelda ætti úrlausn mála kvennanna sem til athvarfsins leita.

Lögð er áhersla á að taka sérstaklega vel á móti börnum sem fylgja mæðrum sínum í athvarfið og huga að þeirra þörfum á dvalartíma út frá aldri og þroska. Leitast er við að tryggja að börn fái vandaðan og samfelldan stuðning meðan á dvöl stendur. Barnastarf er þróað samkvæmt áralangri reynslu athvarfsins og einnig með hliðsjón af nýjustu rannsóknum og þekkingu á afleiðingum ofbeldis á börn. Reynt er að tryggja að börn fái þá þjónustu innan kerfisins sem þau þurfa á að halda og að unnið sé markvisst að því að bæta aðstæður þeirra. Á dvalartíma er einnig lögð áhersla á að börn upplifi góðar stundir í gegnum samveru og leik, t.a.m. með notkun á hinum ýmsu gjafabréfum sem athvarfið fær að gjöf.

FRÆÐSLA, MIÐLUN OG TENGLI VIÐ SAMFÉLAGIÐ



Athvarfið miðlar fræðslu um kynbundið ofbeldi í nánú samböndum með það að markmiði að auka meðvitund um birtingamyndir og afleiðingar þess og þau úrræði sem í boði eru. Athvarfið tekur frumkvæði að því að koma fræðslu til framhaldsskóla og helstu stofnana landsins og er tilbúið til samstarfs ef þess er óskað.

Upplýsingar um starfsemina og fræðsla eru aðgengileg á vefsíðu og samfélagsmiðlum athvarfsins. Stuðlað er að aukinni þekkingu og fræðslu til kvenna sem til athvarfsins leita með það að markmiði að valdefla þær. Starfsemi athvarfsins er gerð sýnileg með reglulegri upplýsingagjöf til fjölmiðla, þátttöku á samfélagsmiðlum og með því að veita samstarfsaðilum fræðslu og reglulegar upplýsingar.

Kvennaathvarfið tekur virkan þátt í samfélagsumræðu um kynbundið ofbeldi. Kvennaathvarfið kemur faglegum sjónarmiðum á framfæri þegar lög eru í vinnslu á Alþingi sem tengjast málaflokknum.

Kvennaathvarfið tekur þátt í skipulögðum viðburðum, s.s. málþingum, ráðstefnum og fundum, sem fjalla um kynbundið ofbeldi og úrræði gegn því. Athvarfið tekur virkan þátt í norrænu og alþjóðlegu samstarfi á þessum vettvangi.

MANNAUÐUR, SKIPULAG OG REKSTUR



Kvennaathvarfið tekur virkan þátt í samfélagsumræðu um kynbundið ofbeldi. Kvennaathvarfið kemur faglegum sjónarmiðum á framfæri þegar lög eru í vinnslu á Alþingi sem tengjast málaflokknum.

Kvennaathvarfið leitast við að mannauður þess hafi þá reynslu og burði sem til þarf til að koma til móts við þarfir og gildi starfseminnar. Gætt er að því að nýtt starfsfólk fái góða og viðeigandi þjálfun. Stuðlað er að stöðugri starfsþróun í takt við starfsþróunaráætlun, sem unnin er af starfskonum og stjórnendum. Starfskonur sýni hver annarri virðingu og hafi jákvæð samskipti að leiðarljósi. Stjórnendur skuli stuðla að góðu samráði með virkri hlustun og rými til tjáningar. Tryggt er gott upplýsingaflæði innan starfshópsins, með reglulegum fundum og markvissri notkun samskiptamiðla. Til að tryggja gæði þjónustu og samræmi í starfseminni eru til staðar skýrir verkferlar og öguð vinnubrögð. Hvatt til gagnlegrar og sanngjarnrar umræðu um það sem betur má fara. Kvennaathvarfið er rekið með ábyrgum hætti í samræmi við fjárhagsáætlun. Leitast er við að tryggja gagnsæi í ákvarðanatöku og upplýsingaflæði milli stjórnar og starfsfólks.


ÁRIÐ 2024 Í TÖLUM

Komur í Kvennaathvarfið 2022-2024


	2022	2023	2024
Konur í Reykjavík	155	122	147
Konur á Akureyri	17	9	15
Börn í Reykjavík	114	77	105
Börn á Akureyri	15	6	12
Samtals	301	214	279

Á árinu 2024 dvöldu 147 konur í Kvennaathvarfinu í Reykjavík og fylgdu börn 46% þeirra. Samtals dvöldu 105 börn í athvarfinu árið 2024, sem er töluverð fjölgun frá árinu áður. Alls dvöldu 15 konur og 12 börn í Kvennaathvarfinu á Akureyri. Komum í Kvennaathvarfið á Akureyri fjölgaði töluvert frá árinu áður, en það getur mögulega skýrst af því að árið 2024 var innleiðingu á breyttu umfangi þjónustu lokið, auk þess sem full mönnun var í athvarfinu árið 2024.

Tafla 1. Komur í Kvennaathvarfið 2022-2024



Mynd 1. Komur í Kvennaathvarfið 2022-2024



Mynd 2. Dreifing fjölda koma eftir mánuðum


Á mynd tvö má sjá dreifingu fjölda koma kvenna í Kvennaathvarfið eftir mánuðum. Í júlí og október 2024 voru fleiri komur en aðra mánuði. Aftur á móti ef að borið er saman við fyrri ár þá virðist aðsókn í athvörfin vera nokkuð óútreiknanleg og erfitt að greina skýrt mynstur.

Fjöldi dvalardaga að meðaltali 2022-2024

	2022	2023	2024
Konur í Reykjavík	19	28	22
Konur á Akureyri	15	14	18
Börn í Reykjavík	27	38	28
Börn á Akureyri	8	22	37

Tafla 2. Fjöldi dvalardaga 2022-2024

Konur og börn dvöldu í athvarfinu allt frá hluta úr degi og upp í 153 daga. Það er áhugavert að sjá að lengd dvalar jókst töluvert á Akureyri milli ára og má gera ráð fyrir að það megi rekja til aukinnar þjónustu og utenumhalds meðan á dvöl stendur. Að sama skapi er vert að benda á að konur í lengjast síður í athvarfinu í Reykjavík, en árið 2019 var lengsta dvöl 236 dagar á meðan hún var 153 dagar 2024. Þetta má mögulega rekja til opnunar búsetubrúar í október 2021.



Mynd 3. Fjöldi dvalardaga 2022-2024

Vert er að benda á að konur sem koma til dvalar með börn með sér dvelja almennt lengur í athvarfinu en barnlausar konur. Þó svo að erfitt sé að fullyrða neitt um ástæður að baki þessum tölum má þó ganga út frá því að almennt sé flóknara fyrir þær að greiða úr praktískum málum áður en lagt er af stað út í lífið á ný eftir dvöl í athvarfinu. Hver svo sem ástæðan er, þá benda þessar tölur staðfastlega til þess að hlúa þarf sérstaklega að börnunum í athvarfinu, en þar starfar sérmenntaður ráðgjafi sem vinnur sérstaklega með börnum og mæðrum.

Fjöldi íbúa á dag að meðaltali 2022-2024

	2022	2023	2024
Konur á dag	8	10	10
Börn á dag	8	8	9
Samtals íbúar á dag	16	18	19
Koma í fyrsta sinn í dvöl (Reykjavík)	60%	66%	77%

Samsetning og fjöldi íbúa í athvarfinu breytist oft dag frá degi og geta sviptingar verið ansi miklar. Þetta kallar kallar á talsverðan sveigjanleika í þjónustu og öllu utanumhaldi um málefni kvenna og barna. Það er áhugavert að sjá að fjöldi kvenna sem koma til dvalar í fyrsta sinn eykst töluvert á milli ára og hefur sú prósentutala aldrei verið jafn há.

Tafla 3. Fjöldi íbúa á dag að meðaltali 2022-2024


Fjöldi viðtala 2022-2024

Konur sem dvelja í Kvennaathvarfinu fá ráðgjafa sem fylgir þeirra málum eftir allt þar til að dvöl líkur. Auk þess fylgir sérstakur ráðgjafi eftir málum barna í athvarfinu og veitir hún mæðrum í athvarfinu stuðning í málum sem tengjast börnum þeirra. Reynt er að tryggja að konur og börn fái regluleg viðtöl og býður Kvennaathvarfið upp á tálkaþjónustu í slíkum viðtölum. Skráð eru formleg ráðgjafaviðtöl við konur og börn sem dvelja í athvörfunum og árinu voru 409 slík viðtöl skráð, en auk þessara viðtala bætist við ráðgjöf og stuðningur sem fer fram með óformlegum hætti.

	2022	2023	2024
Viðtöl við konur og börn í dvöl	Óskráð	422	409
Viðtöl við konur utan dvalar	855	702	1016
Viðtöl í gegnum Bjarkahlíð	351	321	376
Samtals fjöldi viðtala	1206	1445	1801

Tafla 4. Fjöldi viðtala 2022-2024


Kvennaathvarfið býður uppá viðtalsþjónustu til kvenna sem eru þolendur ofbeldis í nánú sambandi en dvelja ekki í athvarfinu. Viðtölin eru veitt bæði í Kvennaathvarfinu og í Bjarkarhlíð, en Kvennaathvarfið er það úrræði sem oftast er vísað í af ráðgjöfum Bjarkarhlíðar. Viðtalsþjónustan er endurgjaldslaus og veittu ráðgjafar athvarfsins 1392 viðtöl til 462 kvenna á árinu. Þetta er töluverð aukning frá árinu áður og hefur fjöldi viðtala aldrei verið svo mikill í sögu athvarfsins. Ef teknar eru saman tölur yfir viðtalskonur og íbúa í dvöl, þá er um að ræða 741 þjónustuþega og þá eru ekki meðtaldir þeir fjölmörgu aðilar sem leita þjónustu, stuðnings og ráðgjafar í gegnum vaksíma Kvennaathvarfsins



Mynd 4. Dreifing fjölda viðtala eftir mánuðum

Erfitt að sjá visst munur í viðtalsþjónustu Kvennaathvarfsins. Það er ljóst að starfsemin þarf ávallt að vera sveigjanleg því óútreiknanlegt er hvenær konur ákveða að leita sér aðstoðar.

Um ofbeldið



Konur sem koma í viðtal eða dvöl í Kvennaathvarfið eru beðnar að lýsa birtingarmynd ofbeldisins sem þær hafa verið beittar. Því miður náðist ekki að sækja slíkar tölur fyrir árið 2024 vegna kerfisgalla í komuskýrslum og eru því settar hér fram tölur frá árunum 2021 – 2023.

Mynd 5. Tegundir ofbeldis 2021 - 2023

Ljóst er að með aukinni fræðslu og umræðu um ólíkar birtingarmyndir ofbeldis, þá lýsa konur fleiri tegundum ofbeldis en áður. Tölurnar sýna okkur að andlegt ofbeldi er rauður þráður ofbeldis í nánnum samböndum. Einnig er ljóst að aukin meðvitund er um óbeint ofbeldi gagnvart börnum og getur það skýrt prósentuhækkun í þeim flokki. Þó svo að ekki séu til tölur frá 2024 er það tilfinning ráðgjafa að konur tali í auknum mæli um harkalegar birtingarmyndir ofbeldis, s.s. morðhótanir og kyrkingartak. Einnig hefur umræða um stafrænt ofbeldi og eltihrella aukist mikið.



kvenna varð fyrir andlegu ofbeldi árið 2023


Andlegt ofbeldi er þegar einhver hótar þér, gerir lítið úr þér eða lætur þér líða illa. Það getur verið bæði með orðum og hegðun.

KONUR OG BÖRN Í ATHVARFINU

Uppruni

Í gegnum árin hefur ekki tekist að finna neinn rauðan þráð meðal þeirra kvenna sem sækja þjónustu Kvennaathvarfsins. Konurnar sem komu í dvöl eða í viðtöl á árinu 2024 voru með misjafnan bakgrunn, menntun og á öllum aldri. Aldursbilið var 20 til 86 ára og var meðalaldur þeirra 39 ár.

Konurnar sem sóttu þjónustu Kvennaathvarfsins árið 2024 komu frá 46 löndum; 65% íslenskar og 35% af erlendum uppruna. Meirihluti viðtalskvenna voru íslenskar eða 74%% en þegar horft er til dvalarkvenna snúast tölurnar við, en þar er hlutfall kvenna af erlendum uppruna 75%. Þetta má að öllum líkindum rekja til þess að erlendar konur eiga síður tengslanet sem grípur þær þegar þær flýja heimili sín sökum ofbeldis.




Mynd 6. Uppruni dvalar- og viðtalskvenna

46
lönd

Konur sem komu í dvöl og viðtöl í athvarfið voru frá 46 löndum.

Alls komu 117 börn í dvöl í athvörfin á árinu 2024. Meðalaldur barna í dvöl var um 6 ár. Yngsta barnið sem dvaldi í athvarfi var nokkurra vikna gamalt og það elsta rétt að verða 18 ára. Dvalartími barna í athvörfunum var misjafnlega langur en meðaldvalartími barna á síðasta ári voru 29 dagar. Sum barnanna dvöldu þó mun lengur. Lengsta dvöl barns í athvörfunum árið 2024 voru 153 dagar eða fimm mánuðir. Að meðaltali dvelja 9 börn í athvarfinu dag hvern, en það getur sveiflast ansi mikið og í ágúst dvöldu flest börn á sama tíma í athvarfinu í Reykjavík, eða 22 börn.



Mynd 7. Aldursdreifing dvalarbarna



Auður Magnúsdóttir

verkefnastýra barnastarfs í
Kvennaathvarfinu

"Algengt er að börn sem búa við heimilisofbeldi kenni sér um atvik sem koma upp og taki þannig ábyrgð á ástandinu. Þau geta líka upplifað mikla ábyrgð gagnvart þolanda ofbeldisins. Stundum upplifa börnin mikla togstreitu og erfiðar tilfinningar, því sá sem beitir ofbeldinu er oft einhver sem á sér góðar hliðar og þeim þykir vænt um. Börn sem búa við heimilisofbeldi reyna oft að hafa hægt um sig og eru hrædd um að ýta undir frekari deilur eða ofbeldi."

Afleiðingar og aðgerðir í kjölfar ofbeldis

Eins og sjá má er lítið samræmi milli þess hversu oft lögregla er kölluð til eða þolandi óttast um líf sitt annars vegar og svo hins vegar að nýtt séu verkfæri sem til eru til þess að tryggja öryggi kvenna, s.s. brottvísun af heimili eða nálgunarbann. Því miður virðist einnig mjög óalgengt að konur treysti sér til að kæra geranda sinn og ljóst er að grípa þarf til markvissra aðgerða í samfélaginu til þess að tryggja betur öryggi kvenna og barna á heimilum sínum.

	2022	2023	2024
Hefur lögreglan einhvern tíma komið á vettvang vegna heimilisofbeldis gegn þér af hálfu núverandi geranda?	56%	40%	44%
Hefur þú einhver tímann óttast um líf þitt vegna ofbeldisins sem núverandi gerandi hefur beitt þig?	65%	46%	41%
Hefur þú einhvern tímann kært núverandi geranda fyrir ofbeldisverk gegn þér?	17%	11%	15%
Hefur gerandi fengið brottvísun af heimili?	2%	2%	3%
Hefur þú fengið nálgunarbann á núverandi geranda?	6%	5%	3%
Hefur þú fengið neyðarhnapp vegna núverandi geranda?	2%	3%	1%

Tafla 5. Svör kvenna um afleiðingar og aðgerðir í kjölfar ofbeldis.

41% kvenna segjast hafa óttast um líf sitt


3% kvenna hafa fengið nálgunarbann á núverandi geranda

Búseta

	2022	2023	2024
Reykjavík	52%	50%	51%
Höfuðborgarsvæði utan Reykjavík	24%	23%	20%
Suðurnes	8%	7%	7%
Suðurland	4%	4%	4%
Vesturland	3%	3%	5%
Norðurland	2%	4%	5%
Austurland	1%	1%	1%
Erlendis	2%	1%	2%
Ekki vitað	2%	7%	6%

Tafla 6. Búseta kvenna sem leita til Kvennaathvarfsins í Reykjavík

Athvörfin í Reykjavík og á Akureyri eru ætluð konum af allri landsbyggðinni. Stærstur hluti kvennanna sem nýtti sér þjónustu athvarfsins í Reykjavík kom af höfuðborgarsvæðinu. Hlutfall kvenna af landsbyggðinni helst nokkuð stöðugt á milli ára. Hvert ár leitar Kvennaathvarfið leiða til að ná betur til landsbyggðarinnar, þá helst með því að bjóða upp á ráðgjafapjónustu og fræðslu víða um land. Einnig er viðtalsþjónusta í boði í gegnum fjarbúnað eða síma. Gagnlegt væri að stjórnvöld kæmu betur til móts við konur sem dvelja þurfa í athvarfi utan sinnar heimabyggðar, þá t.d. með því að bæta þeim upp það tekjutap sem verður meðan á dvöl stendur.




**kvenna sem nýtti sér
þjónustu athvarfsins í
Reykjavík komu af
höfuðborgarsvæðinu.**

Búseta þeirra kvenna sem dvöldu í athvarfinu á Akureyri skiptist þannig árið 2024 að um helmingur kvennanna kom frá Akureyri og tæpur helmingur frá öðrum sveitarfélögum á Norðurlandi. Nokkrar konur komu frá sveitarfélögum í öðrum landshlutum. Það er áhugavert að hlutfall þeirra kvenna sem leita til Kvennaathvarfsins í Reykjavík frá Norðurlandi hefur ekki lækkað með hækkandi dvalartölum á Akureyri, en þetta gefur til kynna að þær konur sem nýta sér þjónustu athvarfsins á Akureyri séu hrein viðbót við fyrri komutölur af svæðinu.

Hvert fara konurnar eftir dvöl?


Það getur verið mikið átak að fóta sig í samfélaginu eftir að hafa slitið ofbeldissambandi og því er áhugavert að rýna hvert konur fara eftir dvöl í athvarfinu. Rannsóknir sýna að það taki almennt fjórar til sjö tilraunir að slíta endanlega ofbeldissambandi. Því er alls ekki óeðlilegt að þolendur snúi til baka í óbreytt ástand og komi jafnvel nokkrum sinnum í Kvennaathvarfið til dvalar. Hlutfall kvenna sem snúa til baka í óbreytt ástand úr athvarfinu hefur þó lækkað töluvert undanfarna áratugi. Árið 2001 sneru 64% kvenna aftur heim til ofbeldismannsins en 20 árum síðar var hlutfallið komið niður í 11%. Við teljum að ótakmörkuð lengd dvalar, aukin ráðgjöf og meira utanumhald hafi mögulega stuðlað að þessum breytingum. Árið 2024 fór hlutfallið upp í 20%, sem minnir okkur á að ofbeldishringurinn heldur áfram að vera einstaklega flókið fyrirbæri sem erfitt er að slíta sig út úr.



Mynd 8. Afdrif dvalarkvenna að lokinni dvöl í Kvennaathvarfi


Nánast sami fjöldi kvenna fór í nýtt húsnæði eftir dvöl í athvarfinu og þær sem fluttu í íbúð á vegum búsetubrúar Kvennaathvarfsins. Þetta þýðir að búsetubrúin nær að þjónusta um helming þeirra kvenna sem leitast eftir að komast í nýtt húsnæði eftir að hafa flúið heimili sín.

**Hlutfall kvenna sem fara
heim til ofbeldismanns**



Gerendur


Enginn rauður þráður virðist vera meðal geranda þeirra kvenna sem leita eftir þjónustu Kvennaathvarfsins, annar en sá að þeir eru að miklum meirihluta karlmenn, eða 97%, og þar af er langflestir þeirra íslenskir, eða 70%. Hvorki aldur né menntun virðist hafa áhrif á beitingu ofbeldis í nánum samböndum.




Mynd 9. Tengsl við geranda.

Þegar kyn gerenda er skoðað kemur í ljós að 97% þeirra eru karlar.

Meðalaldur þeirra eru 43 ár og meirihluti þeirra eru íslenskir, eða 72%.



Gerendur þeirra kvenna sem leituðu til Kvennaathvarfsins voru á aldrinum 18 ára til 81 árs og samsvarar menntunarstig þeirra nokkuð vel menntunarstigi íslenskra karla skv. tölum Hagstofunnar.



Mynd 10. Uppruni geranda.

ÁRIÐ Í ATHVARFINU

Í daglegu starfi Kvennaathvarfsins er höfð til hliðsjónar stefna samtakanna og sú aðgerðaráætlun sem unnin hefur verið í takti við hana. Þetta er gert til þess að tryggja fagmennsku og jafnframt stuðla að því að starfskonur séu samstíga í nálgun sinni á starfið.

Í athvarfinu dvelja konur frá ýmsum menningarheimum og matargerðin því oft margbreytileg.



Samtök um Kvennaathvarf starfa eftir þeirri skýru hugmyndafræði að athvörfin skuli vera rekin líkt og stór heimili og að konurnar sem þangað leita stjórn sinni vegferð sjálfar. Leitast er við að konur og börn sem dvelja í athvarfinu finni til öryggis og hlýju. Það getur kostað mikla vinnu og langan tíma að stíga út úr ofbeldi í nánú sambandi og því einstaklega mikilvægt að konur finni fyrir valdeflingu. Einnig er mikilvægt að konur og börn nái að lenda vel í athvarfinu, þannig að þau treysti sér til að dvelja þar eins lengi og þörf er á og þiggja þá ráðgjöf sem í boði er.

Athvarfið er rekið eins og stórt heimili, þar sem hvert tækifæri er nýtt til þess að halda uppá hátíðir og tyllidaga.



Kvennaathvarfið heldur áfram að þróa þjónustu, ráðgjöf og ut anumhald um konur og börn sem til þess leita. Lagt er upp með að konur fái samfellda ráðgjöf og stuðning meðan á dvöl stendur. Einnig er lögð mikil áhersla á að biðtími í viðtalsþjónustu sé stuttur og aðgengi að þjónustunni gott. Viðtalsþjónusta til kvenna sem ekki dvelja í athvarfinu er sá þjónustuliður sem hefur vaxið hvað mest á síðustu árum. Þar veita ráðgjafar athvarfsins viðtöl alla virka daga og eru þau endurgjaldslaus. Boðið er upp á tálkaþjónustu ef þörf krefur og veitt eru viðtöl í gegnum fjarbúnað sé þess óskað, þannig að konur af allri landsbyggðinni geti sótt sér þjónustuna.

Ráðgjöf til barna og mæðra sem dvelja í athvarfinu er í stöðugri þróun og hefur þar að auki verið stórukið við þjónustu til þeirra sem leigja íbúð í búsetubró Kvennaathvarfsins eftir að dvöl lýkur.

Starfskonur láta ekki sitt eftir liggja við að skapa stemningu í athvarfinu.



Dagarnir í athvarfinu geta oft orðið langir og þá er mikilvægt að finna sér alls konar til dundurs.



Eins og fyrri ár dvelja konur með börn almennt lengur í athvarfinu en barnlausar konur. Sú staðreynd undirstrikar mikilvægi þess að veita sérhæfða og vandaða ráðgjöf til barna og mæðra í athvarfinu. Í athvarfinu starfar ráðgjafi sem hefur menntun og bakgrunn til að veita börnum og mæðrum stuðning, en starf hennar er í stöðugri þróun. Á árinu hefur verið aukið enn frekar við stuðning til barna og mæðra sem búa í búsetubrú Kvennaathvarfsins. Aukið samstarf við velferðarsvið Reykjavíkurborgar á árinu hefur leitt til þess að fleiri börn í búsetubrúnni stunda íþróttar- og tómstundarstarf og fleiri konur en áður fá þjónustu frá Tinnu, stuðningsúrræði fyrir einstæða foreldra.

Á árinu var ráðist í endurbætur á leikherbergi athvarfsins með styrk frá Svölunum, góðgerðarfélagi flugfreyja og flugþjóna.



Í ágúst árið 2020 hófu Samtök um Kvennaathvarf tilraunaverkefni um rekstur neyðarathvarfs á Akureyri. Það kom fljótt í ljós að sannarlega væri þörf fyrir slíka þjónustu á svæðinu og því var ákveðið að halda rekstrinum áfram. Árið 2023 varð ljóst að bæta þyrfti við þjónustu athvarfsins á Akureyri, þannig að hún yrði sambærilegri við athvarfið í Reykjavík hvað varðar ráðgjöf, utanumhald og öryggi. Eftir þessar breytingar hafa tölur sýnt að konur dvelja lengur í athvarfinu, sem er virkilega jákvætt, því reynslan sýnir að mikilvægt er að konur taki sér góðan tíma til að komast frá ofbeldinu og þannig minnka líkur á að snúa til baka.

Starfskonur Kvennaathvarfs á Akureyri og Aflsins í ljósagöngu UN Women.



Vorið 2024 var viðtalsþjónusta fyrir konur sem ekki eru í dvöl bætt við á Akureyri. Það var ánægjulegt að sjá að þriðjungur þeirra kvenna sem dvöldu í athvarfinu 2024 komu eftir að hafa þegið viðtalsþjónustu hjá ráðgjafa athvarfsins og undirstrikar mikilvægi þess að henni sé haldið áfram. Mikilvægt er að vekja athygli á þeirri þjónustu sem er í boði á Akureyri og hafa ráðgjafar Kvennaathvarfsins á Akureyri farið víða um norðurlandið með kynningar á starfseminni og tekið þátt í málþingum á svæðinu.

Embla Sigrún og Helena Lóa færðu Kvennaathvarfinu á Akureyri afrakstur tombólu.



Kvennaathvarfið á Akureyri hefur fundið fyrir mikilli velvild í samfélaginu fyrir norðan og einnig vilja stjórnvalda til þess að áframhald verði á þeirri þjónustu sem byggð hefur verið þar upp. Styrkur fékkst frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu sem ætlaður var sérstaklega til að tryggja rekstur Kvennaathvarfs á Akureyri í eitt ár í viðbót.

Sveitarfélög á Norðurlandi eystra lögðu til fjármagn til þess að greiða húsaleigu fyrir athvarfið og fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar á svæðinu lögðu hönd á plóg með ýmsum hætti. Kunnum við öllum þessum aðilum bestu þakkir fyrir, en þetta varð til þess að við gátum tryggt samfellu í þeirri þjónustu sem byggð hefur verið upp og að auki gátum við flutt yfir í annað leiguhúsnæði sem hentar vel fyrir starfsemina.

Vinstri: Eyþór Björnsson, forstjóri Norðurorku afhendir styrk til Kvennaathvarfsins á Akureyri. Hægri: ELKO mætti færandi hendi þegar að Kvennaathvarfð á Akureyri flutti í nýtt húsnæði.



Búsetubró Kvennaathvarfsins var tekin í gagnið árið 2021, en þar býðst konum sem dvalið hafa í athvarfinu tímabundið öruggt húsaskjól á viðráðanlegu verði á meðan þær ná sjálfstæði til að skapa sér nýtt líf án ofbeldis. Það er óhætt að segja að búsetubró Kvennaathvarfsins hafi sannað gildi sitt og er áhugavert að sjá að um helmingur þeirra kvenna sem fara í nýtt húsnaði eftir dvöl í athvarfinu fara þangað. Í ársbyrjun 2024 voru allar tiltækar íbúðir í útleigu en miðað er við að leigusamningur sé gerður til eins árs nema í undantekningartilvikum. Kvennaathvarfið leggur þó ávallt upp með að veita konunum eins mikinn sveigjanleika og kostur er. Markmiðið er að reka húsnaðið þannig að það standi undir sér fjárhagslega en jafnframt að geta boðið konum og börnum þeirra eins öruggt og ódýrt tímabundið húsnaði og mögulegt er eftir dvöl í Kvennaathvarfinu.

Starfskonur héldu jólaskekkmtun í samfélagshúsinu Stigahlíð fyrir konur og börn úr athvarfinu og úr búsetubró Kvennaathvarfsins.



Þrjátíu og þrjár konur leigðu íbúðir í búsetubrúnni árið 2024. Þeim fylgdu 34 börn, flest á aldrinum 0-10 ára. Ráðgjafi á vegum Kvennaathvarfsins var í húsinu tvo daga í viku til að veita konunum stuðning, upplýsingar og ráðgjöf en barnastarfsmaður athvarfsins fylgdi börnunum eftir. Eitt af aðalmarkmiðum búsetubrúar Kvennaathvarfsins er að styrkja konurnar eftir ofbeldissamband og auðvelda þeim skrefin í átt að nýju lífi. Mikið og ómetanlegt samstarf er við félagsþjónustur sveitarfélaga sem aðra þjónustugjafa í þessu ferli. Má þar sérstaklega nefna úrræðið Tinnu á vegum Reykjavíkurborgar sem heldur vel utan um marga af íbúum búsetubrúar. Það er einnig mjög ánægjulegt að geta sagt frá því að sumar konurnar hafa fengið styrk til náms úr Kraftasjóði Kvennaathvarfsins, sem hefur það markmið að auðvelda konunum að sækja sér hverskonar þjálfun eða menntun og miðar þannig að almennri valdeflingu og að styrkja stöðu þeirra til frambúðar á vinnumarkaði. Kraftasjóðurinn er upphaflega sprottinn frá Zontaklúbbi Reykjavíkur.

Framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins tekur við styrk frá Zontaklúbbum Sunnu



Eitt af markmiðum Kvennaathvarfsins er að huga að forvörnum og efla fræðslu og umræðu um ofbeldi í nánum samböndum. Fræðslustýra Kvennaathvarfsins sinnir fræðslu sem sett er upp samkvæmt fræðsluáætlun, þar sem fram koma áherslur og markhópar hvers árs. Fræðslustýran tekur einnig þátt í vinnuhópum og þróunarvinnu sem snýr að útgáfu hvers konar fræðsluefnis, auk þess sem hún tekur þátt í stefnumótun hvað varðar þjónustu og starfsemi athvarfsins. Ýmsir aðilar fá boð um eða óska eftir fræðslu, til dæmis nemendur og kennarar framhalds- og háskóla, ýmsar fagstéttir, fyrirtæki og stofnanir. Áhersla fræðslunnar og tímalengd fer eftir eftirspurn, starfsemi og áheyrendum hverju sinni.


Fræðslustýra Kvennaathvarfsins heldur kynningu fyrir barna- og fjölskyldudeild Norðurmiðstöðvar Reykjavíkurborgar.



• Leggjum metnað í að veita börnum framúskarandi þjónustu og reynum að stuðla að upplifun barna af dvöl í athvarfinu sé jákvæð góð.


Frá 2020 hefur ráðgjafi verið starfandi í athvarfinu sem heldur sérstaklega utan um barnastarfið. Markmiðið með starfinu er að dvalartími gangi sem best og árangur náist á dvalartímanum í að búa aðstæður og líðan barna og mæðra.

Kvennaathvarfið leggur áherslu á að auka stöðugt við framboð fræðslunnar í því skyni að ná til sem flestra. Að venju var farið með fræðslu í framhaldsskólana og á ýmsa vinnustaði og stofnanir. Auk þess var áhersla lögð á að ná til ýmissa fagaðila og þeirra sem starfa í framlínunni, svo sem starfsfólks velferðar- og heilbrigðisþjónustu, lögreglu og starfsfólks slökkviliðsins. Haustið 2024 fékk Kvennaathvarfið styrk frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, m.a. til að efla fræðslu og viðtalsþjónustu á landsbyggðinni. Sá styrkur gerði okkur kleift að koma á mikilvægri tengingu og efla samtal og samvinnu milli Kvennaathvarfsins og landsbyggðarinnar. Kynningarfundir voru haldnir með starfsfólki heilbrigðis- og velferðarþjónustu, lögreglu og fleiri lykilaðilum á hverju svæði ásamt því að farið var með fræðslu til nemenda og kennara í framhaldsskólum á landsbyggðinni.




Kvennaathvarfið leggur mikið upp úr sýnileika í samfélaginu í þeim tilgangi að minna á þjónustu athvarfsins en einnig til þess að halda gangandi samtalinu um eðli og birtingarmyndir ofbeldis í nánum samböndum. Mikilvægt er að minna á það að helmingur rekstrartekna Samtaka um Kvennaathvarf kemur frá vinum athvarfsins og því er mikil og stöðug þörf á að bæta í vinahópinn. Á árinu 2024 fóru Samtök um Kvennaathvarf af stað með vitundarvakningu í samstarfi við fyrirtækið TAKK þar sem lagt var sérstaklega upp með sýnileika á samfélagsmiðlum.

Farið var af stað í tvær herferðir á árinu. Sú fyrri náði yfir tímabilið 9. júlí – 21. ágúst og var yfirskrift hennar “Þekktu mynstrið”. Markmið herferðarinnar var að auka meðvitund um mynstur ofbeldis í nánum samböndum og vekja athygli á hvernig þolendur og aðstandendur geta betur gert sér grein fyrir að um ofbeldissamband sé að ræða. Notast var við upplýsingatexta, dæmi um ofbeldishegðun í samskiptum og fræðslupróf.



Seinni herferðin náði yfir tímabilið 5. nóvember – 9. desember og hafði yfirskriftina “Við erum til staðar”. Markmið herferðarinnar var að kynna þjónustu Kvennaathvarfsins og auðvelda aðgengi að henni. Notast var við upplýsingatexta, fræðslupróf og myndbönd. Í báðum herferðum var notast við myndir og myndbönd sem unnin voru með aðstoð gervigreindar.

Frá herferðinni "Við erum til staðar"



Mikil þátttaka mældist í fræðsluprófum og náðu báðar herferðirnar verulegum fjölda birtinga til ólíkra markhópa. Greinileg aukning varð á umferð á vefsíðu Kvennaathvarfsins og munur fannst á aðsókn, sérstaklega í vaktsímann og viðtalsþjónustu. Þar að auki sýnir tölfræði að 77% kvenna sem komu í dvöl í Kvennaathvarfið 2024 voru að koma í fyrsta sinn en það er hærra hlutfall en nokkru sinni áður. Án þess að geta fullyrt nokkuð um það teljum við líklegt að slíkar herferðir leiki þar stórt hlutverk.

Samtök um Kvennaathvarf leitast við að taka þátt í þeirri þróunarvinnu sem á sér stað í málefnum sem tengjast kynbundu ofbeldi og starfa í góðu samstarfi við stjórnvöld, fjölmiða og önnur félagasamtök. Samtökin eiga fulltrúa í mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði Reykjavíkur, velferðarvaktinni, auk þess að sitja í stjórn Bjarkarhlíðar og Bjarmahlíðar. Jafnframt tekur athvarfið þátt í verkefninu Saman gegn ofbeldi með Reykjavíkurborg, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu og heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu.

Starfskonur Kvennaathvarfs og Stígamóta á ráðstefnu WAVE í Vín



Starfskonur Kvennaathvarfs í heimsókn í Danner í Kaupmannahöfn



Samtök um Kvennaathvarf leggja áherslu á alþjóðlegt samstarf, þar sem leitast er við að deila þekkingu og úrræðum með samstarfsaðilum frá öðrum löndum. Samtök um Kvennaathvarf eiga m.a. fulltrúa í fulltrúaráði WAVE – Women Against Violence Europe. Árlega taka starfskonur athvarfsins þátt í ráðstefnu sem haldin er á þeirra vegum en þetta árið var ráðstefnan haldin í Vín og var yfirskriftin „From emergency support to violence prevention: 30 years of championing women’s rights“. Einnig eiga samtökin fulltrúa í samráðshópnum NKMV – Nordiske Kvinner Mod Vold. Fundað var í Kaupmannahöfn í desember, þar sem lagt var á ráðin um næstu ráðstefnu sem halda á í Stokkhólmi í maí 2025. Í sömu ferð heimsóttu ráðgjafar athvarfsins bæði Danner og Kvinnehuset, sem eru stærstu kvennaathvörfin í Danmörku, og kynntu sér starfsemina þar.

Á árinu hófust framkvæmdir við byggingu nýs Kvennaathvarfs en söfnun fyrir athvarfinu hefur staðið yfir undanfarin ár. Áætlað er að flutt verði í nýtt athvarf árið 2026. Mikil vinna á árinu fór í að yfirlegu vegna hönnunar hússins og umhverfis þess, en það eru mikil forréttindi að geta farið af stað með byggingu athvarfs þar sem þarfir kvenna og barna sem þangað leita eru settar í forgang. Nálgunin við hönnun hússins var byggð á áralangri reynslu Kvennaathvarfsins og var ómetanlegt að sjá og upplifa að arkitektinn á bakvið hönnunina nálgast verkefnið af mikilli alúð og sveigjanleika. Kunnum við Sigríði Ólafsdóttur, arkitekt hjá Grímu, bestu þakkir fyrir frábært samstarf.

Teikning af nýju Kvennaathvarfi. Hönnuður: Sigríður Ólafsdóttir, Grímu



Samtök um Kvennaathvarf hafa síðustu ár lagt mikinn metnað í að safna fyrir byggingu nýs Kvennaathvarfs og var árið 2024 engin undantekning hvað það varðar. Stefnt er að því að safna að fullu fyrir nýju byggingunni og líkt og áður voru ýmsir einstaklingar, hópar, samtök og fyrirtæki sem lögðu hönd á plóg.

Söfnun fyrir nýju athvarfi er komin vel á veg en þó var þörf á að taka góðan lokahnykk á verkefnið til þess að brúa endanlega bilið. Því var brugðið á það ráð að hafa samband við stöllurnar úr átaksverkefninu “á allra vörum” og ákváðu þær að sett yrði af stað söfnunarátak í mars 2025 þar sem safnað yrði fyrir byggingu nýs athvarfs. Það var mikill fengur í því að fá þær Gróa, Elísabetu og Guðnýju í lið með okkur og erum við óendanlega spennt fyrir framhaldinu.

Á bakvið fjáröflunarátakið “á allra vörum” standa þær Gróa Ásgeirsdóttir, Guðný Pálsdóttir og Elísabet Sveinsdóttir.



Sá meðbyr sem að Samtök um Kvennaathvarf hefur fengið í söfnun sinni fyrir nýju athvarfi er mjög lýsandi fyrir þann hlýhug sem ríkir almennt í samfélaginu í garð athvarfsins. Ómetanlegur stuðningur berst athvarfinu úr ýmsum áttum og ber þar hæst að nefna Vini Kvennaathvarfsins, sem er hópur fólks sem styrkir athvarfið með mánaðarlegum greiðslum. Þessi ómetanlegi stuðningur er stærsti hluti rekstrartekna Kvennaathvarfsins og í raun grunnforsenda þess að unnt er að reka athvörfin tvö á því þjónustustigi sem til staðar er.



Andrea, Þórdís María og Guðmundur komu til okkar fyrir hönd jólanefndar Fjölbrautarskólans í Garðabæ og færðu börnunum í athvarfinu jólagjafir.

Á gamlársmorgun hélt Ingibjörg Sólrún uppá stórafmæli sitt. Hún afþakkaði allar gjafir en hvatti afmælisgesti til að styrkja Kvennaathvarfið. Það færði aldeilis björg í bú.



Búrlesk-hópurinn “Dömur og herra” settu upp frábæra sýningu til minningar um Marín Callistu. Allur ágóði sýningarinnar rann til Kvennaathvarfsins.

Á aðalfundi Samtaka um Kvennaathvarf var Sigríður Marta Harðardóttir sérstaklega heiðruð. Sigríður er stofnandi og eigandi Elley Seltjarnarnesi. Verslunin selur notaðan fatnað og er mönnum af sjálfbærni. Allur ágóði sölnunnar rennur til Kvennaathvarfsins.



SKÝRSLA STJÓRNAR

Aðalfundur Samtaka um kvennaathvarf (SUK) og Sjálfseignastofnunar Kvennaathvarfsins (SK) var haldinn 23. maí 2024. Hulda Ragnheiður Árnadóttir lét af störfum sem stjórnarformaður SUK og SK en hún hafði gegnt því hlutverki frá 2022. Úr stjórn SUK gengu einnig Brynja Hjálmtýsdóttir, Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir og Katrín G. Alfreðsdóttir, en Guðrún Hallgrímsdóttir lét af störfum sem stjórnarmaður SK. Þökkum við þeim kærlega fyrir vel unnin störf í þágu Kvennaathvarfsins.

Samkvæmt lögum SUK er kosið til tveggja ára í aðalstjórn en eins árs í varastjórn. Á oddatöluári er kosið um tvö sæti í aðalstjórn og þrjú á sléttu ári. Fjórir nýjir stjórnarmenn voru kjörnir í stjórn SUK – Helga Vala Helgadóttir og Ragna Guðbrandsdóttir sem aðalmenn til tveggja ára og Agla Eir Vilhjálmsdóttir og Ásta Magnúsdóttir sem varamenn til eins árs. Esther Hallsdóttir, áður varamaður, var kjörin í aðalstjórn til eins árs en hún tók sæti Katrínar G. Alfreðsdóttur sem hafði verið kjörin til tveggja ára árið áður. Joanna Marcinkowska var endurkjörin til tveggja ára og Árni Matthíasson sat áfram enda kjörinn til tveggja ára árið áður.

Í stjórn Sjálfseignastofnunarinnar var Guðrún Ingvarsdóttir kjörin í aðalstjórn til tveggja ára og Sigríður Elín Sigfúsdóttir sat áfram frá 2023. Sabine Leskopf og Þórdís Guðmundsdóttir voru endurkjörnar í varastjórn til eins árs. Birna Þórarinsdóttir og Guðrún Harpa Bjarnadóttir voru kjörnar skoðunarmenn reikninga fyrir bæði félög.

Stjórn SUK skipti með sér verkum á fyrsta fundi stjórnar. Esther Hallsdóttir var kjörin formaður, Joanna Marcinkowska varaformaður, Agla Eir ritari, Helga Vala gjaldkeri og Ragna og Árni meðstjórnendur. Ásta tók við hlutverki formanns byggingastjórnar. Helga Vala gekk úr stjórn á starfsárinu og tók Árni þá við sem gjaldkeri. Sem fyrr tóku varamenn þátt í stjórnarstörfum til jafns við aðalmenn.

Í stjórn SK var Guðrún Ingvarsdóttir kjörin ritari og Sigríður Elín Sigfúsdóttir gjaldkeri. Formaður SUK gegnir einnig formennsku í SK og varð Esther því formaður. Stjórnirnar hittust mánaðarlega; stjórn SUK fundaði 11 sinnum á starfsárinu og stjórn SK 10 sinnum.

Starfsárið var viðburðaríkt en húsnæðismál athvarfsins voru helst í forgrunni. Mikil þörf er á nýju húsnæði með auknu plássi fyrir konur og börn, betri aðstöðu fyrir starfsfólk, góðu rými fyrir viðtalsþjónustu og aðgengi fyrir alla. Fyrri stjórn vann mikla

undirbúningsvinnu að byggingu nýs húsnæðis og eitt fyrsta verk nýrrar stjórnar var að undirrita tvo fyrirbyggjandi verksamninga – annars vegar við verktakann Flotgólf um byggingu hússins og hins vegar við Rúnar Ólafsson um verkefnastjórn. Framkvæmdir við glæsilegt nýtt húsnæði hófust svo í maí 2024.

Í upphafi starfsársins ákváðu stjórnirnar að breyta stjórnskipulagi framkvæmdanna í þeim tilgangi að virkja betur þekkingu innan beggja stjórna, dreifa verkefnum og ábyrgð á fleiri hendur og skerpa á stjórnarháttum. Í þeirri vinnu nýttist skýrsla skoðunarmanna reikninga sem lögð var fyrir síðasta aðalfund vel og þökkum við Birnu Þórarinsdóttur og Fríðu Bragadóttur kærlega fyrir þeirra framlag.

Stjórnskipulagið hafði verið með þeim hætti að Sjálfseignastofnunin, sem er eigandi húsnæðis Kvennaathvarfsins og endanlegur ábyrgðaraðili byggingarverksins, hafði veitt stjórn SUK umboð til að ganga til samninga og fara með ákvörðunarvald fyrir sína hönd. Byggingastjórn starfaði því undir stjórn SUK, en hlutverk hennar er að funda reglulega með verkefnastjóra, verktaka og byggingastjóra framkvæmdanna ásamt framkvæmdastýru SUK til að tryggja að unnið sé að verkinu í samræmi við tímaáætlun, kostnaðaráætlun, og vilja stjórnar.

Nú stjórn Sjálfseignastofnunarinnar dró umboðið til baka í samráði við stjórn SUK og færði þannig ákvörðunarvald vegna framkvæmdanna aftur til sín. Byggingastjórn færðist þá undir stjórn stofnunarinnar og samanstendur af fulltrúa beggja stjórna auk utanaðkomandi sérfræðinga. Með þessum breytingum varð hlutverk stjórnar SUK í framkvæmdunum fyrst og fremst ráðgefandi auk þess sem hún gegnir eftirlits- og aðhaldshlutverki. Í byggingastjórn tóku sæti Ásta Magnúsdóttir fyrir hönd stjórnar SUK, sem formaður, og Guðrún Ingvarsdóttir fyrir hönd stjórnar SK. Auðunn Elísson sat áfram í byggingastjórn en Friðrik Karl Weissappel lét af störfum og þökkum við honum vel unnin störf.

Stjórnir SUK og SK ákváðu að sameiginlegir vinnufundir beggja stjórna vegna framkvæmdanna yrðu haldnir þrisvar á ári til að tryggja upplýsingaflæði og eiga

■ samráð um stærri ákvarðanir. Alls voru haldnir þrír slíkir fundir á starfsárinu. Þá skilar verkefnastjóra framkvæmdanna mánaðarlegum framvinduskýrslum til byggingastjórnar sem er í kjölfarið lögð fyrir báðar stjórnir til að tryggja enn frekara upplýsingaflæði og aðhald.

Fjárhagslegt aðhald með verkinu var einnig aukið með þessum breytingum. Sjálfseignastofnunin er nú samningsaðili og greiðir reikninga vegna verksins, en fjármögnun er áfram úr byggingasjóði SUK. Því verklagi var komið á að fjármunir eru færðir frá SUK til Sjálfseignastofnunarinnar fjórum sinnum á ári að undangengnu samþykki stjórnar SUK á grundvelli minnisblaða frá verkefnastjóra um fyrirliggjandi útgjöld. Þannig hefur stjórn SUK fjárhagslegt eftirlit með verkinu. Eignamyndun verður því jafnóðum hjá SK í stað þess að SUK gefi stofnuninni húsnæðið að loknum framkvæmdum.

Þá var Rúnari, verkefnastjóra framkvæmdanna, falið í upphafi starfsársins að vinna heildstæða fjárhagsáætlun og fjárstreymisáætlun fyrir verkið. Að auki var ákveðið að leita rekstrarráðgjafar frá Tryggva Árnasyni og Þóru Gunnarsdóttur hjá R3 til að fá betri mynd á getu samtakanna til að standa undir fjármögnun verksins og rekstri nýrrar byggingar. Niðurstaða úttektarinnar, sem var kynnt á sameiginlegum vinnufundi beggja stjórna, var að samtökin gætu staðið undir verkefninu en að skynsamlegt væri að ráðast í fjáraflanir til að tryggja fjármögnunina enn frekar. Við þökkum Tryggva og Þóru kærlega fyrir sína vinnu.

Það er virkilega gaman að segja frá því að verkið hefur gengið framár öllum vonum. Að undanskilinni minniháttar töf í upphafi hefur bæði tímaáætlun og fjárhagsáætlun verksins staðist. Áætlað er að hægt verði að flytja í húsið í maí 2026, en stjórn Sjálfseignastofnunarinnar hefur þegar hafið undirbúning sölu núverandi húsnæðis. Árangurinn er helst að þakka miklum velvilja og þrotlausri vinnu allra þeirra sem hafa komið að verkinu og við erum þeim innilega þakklát.

Stjórn SUK lagði áherslu á að efla fjáröflun samtakanna á starfsárinu. Vinir athvarfsins sem gefa mánaðarleg framlög eru afar mikilvægir starfseminni en þeir standa að baki sífellt stærri hluta af rekstrarkostnaði. Ljóst er að tækifæri eru til að styrkja þennan þátt starfseminnar enn frekar á komandi árum. Þá er ekki síður mikilvægt að tryggja enn frekari stuðning ríkis og sveitarfélaga.

Kvennaathvarfið datt sannarlega í lukkupottinn þegar Gróa Ásgeirsdóttir, Guðný Pálsdóttir og Elísabet Sveinsdóttir, sem standa að baki góðgerðafélaginu Á allra vörum, tóku að sér að safna fyrir byggingu nýs kvennaathvarfs. Átakinu var hleypt af stað 20. mars 2025 og náði hápunkti með söfnunarpætti á RÚV 5. apríl.

Kvennaathvarfið datt sannarlega í lukkupottinn þegar Gróa Ásgeirsdóttir, Guðný Pálsdóttir og Elísabet Sveinsdóttir, sem standa að baki góðgerðafélaginu Á allra vörum, tóku að sér að safna fyrir byggingu nýs kvennaathvarfs. Átakinu var hleypt af stað 20. mars 2025 og náði hápunkti með söfnunarpætti á RÚV 5. apríl. Markmiðið átaksins var að brúa síðasta bilið í fjármögnun hússins og gekk það afar vel. Framlag þessara kraftakvenna til athvarfsins er ómetanlegt og við þökkum þeim innilega fyrir.

Þau gleðitíðindi bárust einnig á starfsárinu að Kvennaathvarfið hlaut áframhaldandi styrk frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu til reksturs athvarfs á Akureyri árið 2025. Brýnt er að fjárframlögin verði fest í sessi til að tryggja langtíma fjármögnun athvarfs á Norðurlandi. Þá var leigusamningi athvarfsins á Akureyri sagt upp í lok árs 2024 og flutti starfsemin í nýtt húsnæði um áramót.

Ákveðið var að endurnýja samning við Félagsmálaráðuneytið um þjónustu við þolendur mansals á starfsárinu. Þó var áréttað að Kvennaathvarfið væri ekki ákjósanlegur þjónustuaðili við þennan hóp til framtíðar enda eru aðstæður hans og þarfir um margt ólíkar þeirra kvenna og barna sem flýja heimili sitt vegna ofbeldis. Brýnt er að leita annars úrræðis fyrir þennan hóp.

Kvennaathvarfið fór af stað í vitundarvakningu sem stóð yfir um sumar og haust 2024 til að vekja athygli á þjónustu athvarfsins. Vitundarvakningin heppnaðist vel og mikil aðsókn var í athvarfið í kringum þann tíma sem hún stóð hæst. Þá var vefsíða Kvennaathvarfsins betrubætt sem og kynningarefni athvarfsins.

Þá fór stjórn SUK í vinnu við að efla enn frekar stjórnarhætti félagsins. Þar má nefna að stjórnin setti sér siðareglur sem bætast við fyrirliggjandi starfsreglur stjórnar. Stjórn framkvæmdi einnig formlegt sjálfsmat á störfum sínum en í því felst meðal annars að rýna í verklag, samsetningu, og starfshætti stjórnar og bera kennsl á tækifæri til umbóta.

Stjórnir SUK og Sjálfseignastofnunarinnar óttu frábært samstarf við starfsfólk athvarfsins á starfsárinu. Framkvæmdastýra situr alla stjórnarfundir og rekstrarstýra kom einnig reglulega á fundi. Þá fengu stjórnirnar kynningar frá öðru starfsfólki.

Við erum innilega þakklát fyrir frábært starfsfólk athvarfsins sem heldur úti metnaðarfullu og öflugu starfi í þágu kvenna og barna alla daga ársins. Án starfsfólksins auk sjálfboðaliða, vina og annarra velunnara athvarfsins væri þetta ekki hægt. Takk!

Stjórn Samtaka um kvennaathvarf,

Esther Hallsdóttir

Joanna Marcinkowska

Árni Matthíasson

Ragna Guðbrandsdóttir

Agla Eir Vilhjálmsdóttir

Ásta Magnúsdóttir

Stjórn Sjálfseignastofnunar kvennaathvarfsins,

Esther Hallsdóttir

Guðrún Ingvarsdóttir

Sigríður Elín Sigfúsdóttir

Sabine Leskopf

LYKILTÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGI

Samtök um kvennaathvarf hafa árum saman safnað fjármunum með það að markmiði að hefja byggingu nýs kvennaathvarfs. Stjórn samtakanna ákvað að á meðan á byggingu stendur verði rekinn sjálfstæð eining með sjálfstæð reikningsskil undir kennitölu samtakanna fyrir byggingasjóð.

Fjárhæðir í þúsundum kr.	2024	2023
Rekstrartekjur alls	285.003	234.219
Þar af í byggingasjóð	-76.000	-47.024
Fjármunir til rekstrar	209.003	187.195
Rekstrargjöld alls	249.620	220.481
Tekjuafgangur/halli án vaxta	-40.618	-33.286
Hreinar fjármunatekjur	46.593	43.010
Tekjuafgangur ársins	5.976	9.723
Eigið fé í árslok		
• Kvennaathvarfið	226.210	210.511
• Húsbýggingasjóður	231.223	277.100
• Sjálfseignarstofnunin	352.561	226.756
Samtals	724.090	658.599

Tafla 10. Lykiltölur úr ársreikningi

Rekstrartekjur ársins 2024 námu samtals 285 m.kr., en 76 m.kr. af þeim tilheyra Byggingasjóði. Rekstrartekjur ætlaðar til reksturs Kvennaathvarfsins námu því samtals kr. 209 m. kr. sem er 21,8 m. kr. hækkun frá árinu á undan.

Rekstrargjöld hækka um 29,1 m.kr. á milli áranna 2023 og 2024 og er mest af þeirri hækkun til komin vegna hækkunar launakostnaðar, en árið 2024 var fyrsta árið sem kvennaathvarfið á Akureyri var rekið með fullri mönnun.

Árið 2020 var opnað kvennaathvarf á Akureyri og árið 2021 var áfangaheimili Kvennaathvarfsins opnað. Kostnaður við rekstur athvarfsins á Akureyri árið 2024 nam tæplega 37 m.kr. en þjónusta Kvennaathvarfsins við íbúa áfangaheimilisins kostaði tæplega 8 m.kr. Ráðgjafar athvarfsins sinna líka viðtalsþjónustu í Bjarkarhlíð og nemur kostnaður við þá þjónustu 7,4 m.kr.

Í árslok 2023 nam eigið fé Kvennaathvarfsins 226,2 m.kr., Byggingasjóðs 231,2 m.kr. og Sjálfeignarstofnunar Kvennaathvarfsins sem fer með eignarhald á fasteign athvarfsins 352,6 m.kr.

GJAFIR OG STYRKIR 2024

Samtals námu gjafir og styrkir til athvarfsins 285 m.kr. Mánaðarlegir styrkaraðilar athvarfsins voru eins og áður, ómetanlegir fyrir rekstur athvarfsins og styrktu athvarfið um samtals um 99,5 m. kr Helsta sundurgreining gjafa og styrkja fylgir í töflum hér á eftir (í þúsundum króna)

Gjafir (í þús. kr.)	2024
Vinir athvarfsins	99.479
Elley	8.480
Virk	3.500
Legatsjóður Jóns Sigurðssonar	3.950
Brekkubýggð ehf	1.000
Norðurver ehf	1.000
Oddur Pétursson ehf. / Body shop	823
Oddfellow, Ari fróði	750
Zontaklúbburinn Sunna	600
Hulda Björg Sigurðardóttir	600
Oddfellow, Sigríður	500
Zontaklúbburinn Embla	500
Aðrir aðilar	12.747
Samtals:	134.929

Styrkir frá ríki og sveitafélögum (þús. kr.)	2023	2024
Ríkissjóður Íslands	92.800	90.700
Ríkissjóður v/ athv. á Akureyri og kynningarmála á landsbyggðinni	6.562	39.528
Reykjavíkurborg	12.500	12.500
Kópavogsbær	1.000	1.000
Garðabær	600	800
Fjarðabyggð	0	500
Hafnarfjarðarkaupstaður	0	500
Reykjanes	0	400
Sveitarfélagið Skagafjörður	0	300
Sveitarfélagið Ölfus	205	250
Ísafjarðarbær	0	200
Hvalfjarðarsveit	200	200
Múlaþing	200	200
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	0	200
Hornafjörður	0	100
Sveitarfélagið Vogar	0	100
Húnaþing vestra	100	50
Mosfellsbær	200	0
Vestmannaeyjabær	160	0
Borgarbyggð	150	0
Hveragerðisbær	120	0
Rangárþing ytra	100	0
Vesturbyggð	100	0
Grýtubakkahreppur	50	0
Hrunamannahreppur	50	0
Akraneskaupstaður	0	0
Fjallabyggð	0	0
Sveitarfélagið Áraborg	0	0
Samtals:	105.505	147.528

Sveitarfélög á norðurlandi eystra samþykktu að leggja til fjárhæð sem samsvarar húsaleigu fyrir Kvennaathvarfið á Akureyri og skiptust þau framlög svona.

Gjafir (í þús. kr.)	2024
Akureyrarbaer	1.500.000
Norðurþing	277.056
Fjallabyggð	174.892
Dalvíkurbyggð	164.502
Þingeyjarsveit	129.004
Eyjafjarðarsveit	102.165
Hörgársveit	69.264
Langanesbyggð	51.082
Svalbarðstrandahreppur	43.290
Grýtubakkahreppur	34.632
Samtals:	2.545.887



**Kvenna
athvarf**

*Þú ert
ekki ein*

www.kvennaathvarf.is

<https://www.facebook.com/kvennaathvarf>

kvennaathvarf@kvennaathvarf.is

TEL: 561 1205